



Reykjavík, 11. júlí 2024

SN150530

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarráðs frá 11.7.2024 varðandi eftirfarandi mál:

USK - Hverfisskipulag, Hlíðar 3.1 Háteigshverfi - til afgreiðslu

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 2. júlí 2024, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 28. júní 2024, á tillögu að hverfisskipulagi Hlíða, hverfi 3.1 Háteigshverfi, ásamt fylgiskjölum.

Samþykkt.

Björn Axelsson og Ævar Harðarson taka sæti á fundinum undir þessum lið með rafrænum hætti.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar leggja fram svohljóðandi bókun:

Nú hefur nýtt hverfisskipulag fyrir Hlíðarnar, Háteigshverfi og Öskjuhlíðarhverfi verið samþykkt sem er ánægjulegt. Áður er búið að samþykkja hverfisskipulag fyrir Árbæ og Breiðholt en stefnt er að því að ljúka við gerð hverfisskipulags fyrir öll hverfi borgarinnar. Hverfisskipulagsverkefnið snýst um að auka gagnsæi og samræmi skipulagsheimilda þannig að íbúar geti gert breytingar á eigin húsnæði án þess að fara í gegnum tímafrekan feril. Settar eru fram skýrar heimildir um viðbyggingar, þakhækkanir og kvisti sem dæmi, einnig eru heimilaðar lyftur við fjölbýlishús. Lagt er til að á Klambratúni komi lausagöngusvæði fyrir hunda og grænt almenningssvæði, svokallað Holtatorg, er hluti af tillögunum sem er fagnaðarefni. Hverfisskipulagið er unnið eftir vel skilgreindum lýðræðislegum ferlum í nánú samtali við íbúa.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Um er að ræða hverfisskipulag sem er ný skipulagsáætlun fyrir gróin hverfi og kemur í stað eldri deiliskipulagsáætlana sem verða felldar úr gildi. Athugasemdir hafa borist frá fjölmörgum og spanna þær vítt svið. Flestar athugasemdir virðast þó í fljótu bragði varða fækkun á bílastæðum víða í þessum hverfum eftir því sem næst er komist. Ekki er tekið undir það af skipulagsyfirlöndum. Ef margir kvarta yfir því sama þá ætti það að vera skylda skipulagsyfirvalda að hlusta og bregðast við athugasemdum með viðeigandi breytingum. Algengustu kvartanirnar í þessum málum öllu jafna eftir að farið var að þetta byggð af svo miklum krafti, lúta að of miklu byggingarmagn á grónum svæðum á kostnað rýmis, grænna svæða og birtu. Í sumum þessara hverfa eru innviðir sprungnir en samt er haldið áfram að þetta án þess að framtíðarskipulag skóla og annarra innviða liggi endilega fyrir. Skipulagsyfirlöndum er það mikið kappsmál að sýna fram á að samráð hafi verið haft. Slíkt samráð virkar þó oftast





þannig að íbúar senda inn athugasemdir og lýsa yfir óánægju með eitthvað sem yfirvöld svara. Þetta á síðan að kallast „samráð.“

Helga Björk Laxdal
e.u.

Afrit: